

Fundargerð 43. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2018, föstudaginn 23. mars kl. 11:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar í Virkisbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Steinunn María Sveinsdóttir, Anna Lind Ragnarsdóttir og Páll Björgvin Guðmundsson.

Að auki sat fundinn: Helga Guðrún Jónasdóttir sem einnig ritaði fundargerð.

Gauti Jóhannesson, Steinunn María Sveinsdóttir og Anna Lind Ragnarsdóttir tóku þátt í fundinum í síma.

Sigrún Árnadóttir boðaði forföll.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Stefnumörkun í fiskeldi - 1712002SU

Fyrir fundinn lá tillaga Sigrúnar Árnadóttur að annarri framsetningu á markmiðum fiskeldisstefnu samtakanna en í upphaflegri tillögu. Lagði formaður til að tillaga Sigrúnar yrði notuð og var það samþykkt. Einnig samþykkti stjórn aðrar minniháttar tillögur að breyttu orðalagi og framsetningu. Var starfsmanni falið að laga í samráði við formann stefnuskjölin skv. niðurstöðum fundarins og senda þau að því búnu á aðildarsveitarfélög til umsgnar. Ákveðið að veita frest til að skila inn athugasemdum til og með 13. apríl nk. Þá var ákveðið að samtökin haldi opinn fund 27. apríl um fiskeldisstefnu samtakanna.

2. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - vorfundur 2018 - 1803002SU

Árleg vorferð stjórnar.

Samþykkt að fela Sigrúnu Árnadóttur að gera drög að dgaskrá fyrir heimsókn á Suðurnesin. Formanni og starfsmanni falið að ræða við Sigrúnu um fyrirkomulag og hentuga dagsetningu í byrjun júní.

Fundi var slitið kl. 11:30

Gauti Jóhannesson

Steinunn María Sveinsdóttir

Anna Lind Ragnarsdóttir

Páll Björgvin Guðmundsson